

Skipulagsstofnun
b.t. Jóns Smára Jónssonar
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Akureyri, 14. janúar 2021
UST202011-075/Í.M.J.
08.12.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum – matskyldufyrirspurn – Sjókvíaeldi Hábrúnar ehf. í Skutulsfirði tegundabreyting

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst þann 2. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um það hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdarlýsing

Hábrún ehf. (hér eftir nefnt rekstraraðili) áformar að sækja um breytingar á skilyrðum rekstrar- og starfsleyfis sjókvíaeldis fyrirtækisins í Skutulsfirði við Ísafjarðardjúp svo heimilt verði að ala þar lax. Samkvæmt nýútgefnu starfsleyfi fyrir starfsemina má heildarlífsmassi eldisins vera að hámarki 700 tonn hverju sinni, þar af 650 tonn af regnbolgasilungi og 50 tonn af þorski. Eldissvæðið Hábrúnar er 1,32 km² sem skiptist í þrjú kvísvæði. Eldið er kynslóðaskipt, tvö svæði eru í notkun á hverjum tíma og eitt í hvíld. Umhverfisstofnun hefur áður bent á og áréttar að þó svo talað sé um aðskilin kvísvæði þá eru þau staðsett á sama svæðinu í firðinum svo ekki er hægt að tala um mjög aðskilin kvísvæði heldur aðskilin eldissvæði líkt og sjá má í viðauka 1 í starfsleyfi.

Umhverfisáhrif framkvæmdar

Að mati Umhverfisstofnunar eru helstu umhverfisáhrif starfseminnar uppsöfnun lífrænna efna á sjávarbotni undir og við kvíarnar. Fram kemur í tilkynningarskýrslu að lífrænt álag vegna eldisins sé staðbundið og afturkræft og muni minnka með breytingu yfir í lax þar sem fóðurnýting er betri hjá laxi en regnbogasilungi (bls. 8).

Umhverfisstofnun tekur fram að skv. núgildandi starfsleyfi starfseminnar er lágmarkshvíldartími milli eldislota 12 mánuðir auk þess sem kveðið er á um að Umhverfisstofnun geti einhliða frestað útsetningu seiða, bendi niðurstöður vöktunar til þess að umhverfisaðstæður séu óhagstæðar á eldissvæði að mati stofnunarinnar. Að mati Umhverfisstofnunar er ekki líklegt að lífrænt álag muni aukast með breytingunni.

Umhverfisstofnun bendir á að niðurstöður útreikninga á losun næringarefna frá eldinu eru ekki í samræmi við þær aðferðir sem stofnunin styðst við. Í töflu á mynd 5 (bls. 10) er magn niturs á föstu formi rúmlega þrisvar sinnum hærra en magn niturs á uppleystu, en í viðmiðum stofnunarinnar eru hlutföllin andstæð. Svo virðist sem breytistuðlum hafi verið

víxlað. Umhverfisstofnun telur ólíklegt að losun næringarefna fari yfir þau mörk sem sett eru í starfsleyfum stofnunarinnar fyrir fiskeldi skv. þeim upplýsingum um fóðrun sem koma fram í tilkynningarsskýrslu.

Umhverfisstofnun minnir á lög um stjórn vatnamála og að það vatnshlot sem framleiðslan fer fram í hefur vatnshlotanúmerið 101-1381-C og nefnist Skutulsfjörður ytri. Meðal annara skráðra álagsþátta á vatnshlotið er skólpráveita frá þéttbýli Ísafjarðar. Samkvæmt reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun, sem vísað er til í frummatsskýrslu, skulu vatnshlot vera í mjög góðu eða góðu vistfræðilegu ástandi. Ef vatnshlot samræmast ekki umhverfismarkmiðum þá skal grípa til aðgerða til þess að ná betra ástandi skv. lögum um stjórn vatnamála. Í vöktunaráætlun fyrirtækisins þarf að gera ráð fyrir því að þeir gæðapættir sem unnið er með til að meta vistfræðilegt ástand séu vaktadír. Sjá má yfirlit yfir þá gæðapætti í drögum að vatnaáætlun fyrir Ísland sem nú er í kynningu.¹

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur með vísan í framangreint að fyrirhuguð breyting á starfsemi Hábrúnar ehf. sé ekki líkleg til þess að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst

Ísak Már Jóhannesson
sérfræðingur

Rakel Kristjánsdóttir
sérfræðingur

¹ http://vatn.is/library/sida/haf-og-vatn/Vatna%20a1%20a6tlun%202022-2027_DR%2096G.pdf, bls 24